

Alþingi,  
Nefndasvið,

nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 27. nóvember 2015

**Varðar: Umsögn Nova ehf. um þingskjal 292, frumvarp til laga um brottfall laga um þriðju kynslóð farsíma, nr. 8/2005**

Nova lýsir sig fylgjandi frumvarpinu um brottfall laga um þriðju kynslóð farsíma og tekur undir með athugasemdum frumvarpsins um að nú sé svo komið að lögin hamli skilvirkri notkun tíðna fyrir háhraða farsímaþjónustu. Með tækniframförum síðustu ára er mögulegt að ná fram umtalsverðri gæða- og afkastaaukningu í farsímaþjónustu með því að nýta tíðnisviðin fyrir nýjustu tækni á hverjum tíma, svo sem 4G (LTE) og 4G-Advanced (LTE-Advanced), í stað þess að takmarka notkun þeirra við eldri tækni, svo sem GSM eða 3G. Nú þegar hefur slík notkun tíðnirófsins rutt sér til rúms í Evrópu og um víða veröld og engin ástæða er til þess að Ísland og íslenskir neytendur fylgi ekki þeirri þróun og njóti þess ávinnings sem hún hefur í för með sér.

Einnig má benda á að í almennum athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að Póst- og fjarskiptastofnun efndi til samráðs með hagsmunaaðilum í fjarskiptarekstri um framtíðarnýtingu tíðnisviða fyrir næstu kynslóð farnetsþjónustu, þar með talið 2100 MHz tíðnisviðið. Allir hagsmunaaðilar voru sammála um að ekkert mælti því í mót að lög nr. 8/2005 yrðu felld úr gildi.

Virðingarfyllst,

  
Jóakim Reynisson  
f.h. Nova ehf.